

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 19. september 2017
2017080015/42-2
TB
tb

Hólasandslína 3, matsáætlun, umsögn

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 26. ágúst sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun fyrir Hólasandslínu 3, tenging Hólasands og Akureyrar.

Náttúrufræðistofnun telur að framangreind matsáætlun geri að mestu leiti vel grein fyrir því hvað þurfi að skoða í sjálfu matinu og varðar náttúrufræði, jarðfræði, landslag og ásynnd. Einnig er gert grein fyrir þeim náttúruverndarsvæðum sem eru á línuleiðinni og að um þau verði sérstaklega fjallað sem og svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Frummatsskýrslan mun síðan leiða í ljós gæði þeirra upplýsinga sem verður aflað sem og framsetningu þeirra einnig hvað varðar myndræna framsetningu s.s. hvað varðar landslag. Frummatsskýrslan mun einnig leiða í ljós hvaða leiðir verða endanlega valdar sem og mótvægisáðgerðir o.s.frv.

Náttúrufræðistofnun vill benda á eftirfarandi atriði:

Í matsáætluninni er fjallað um þverun Laxár, náttúruverndarsvæði. Fram kemur í umsögnum um drög að matsáætlun að andstaða landeiganda er við þverun árinna á þeim stað sem lagt er til að hún fari yfir og einnig er bent á þann möguleika hvort ekki megi fara með línuna yfir ána við Laxárvirkjun. Í þeirri matsáætlun sem nú er til umsagnar, bls. 10-13, er þessi kostur skoðaður og lagt mat á hvort það sé ástæða til að fjalla um hann í mati á umhverfisáhrifum. Niðurstaða framkvæmdaraðila er sú að ekki verði fjallað um þennan kost í matinu og færð fyrir því ýmis rök. Að mati Náttúrufræðistofnunar er eðlilegra að ræða um þennan kost, hvernig svo sem útfærslan er, í matsferlinu. Þó að það fari fram ákveðin úrvinnsla um það hvaða kosti eigi að meta og hverja ekki við gerð matsáætlunar þá má vera augljóst að þegar um verndarsvæði er að ræða er eðlilegt að fjalla um kosti og galla við val á leiðum, ekki síst allt sem flokka má sem mat á áhrifum á náttúru friðlýstra svæða, í sjálfu matinu. Í þessu tilfelli er framkvæmdaraðili hins vegar að dæma einn „hugsanlegan“ kost fyrirfram ótækan til mats á eigin forsendum.

Á bls. 27-28 í matsáætluninni er fjallað um slóðagerð. Náttúrufræðistofnun hefur áður bent á hvort ekki sé kominn tími til að draga verulega úr allri slóðagerð og nota í stað þess tæki (flutningstæki, viðgerðarbíla) sem eru sérstaklega hönnuð til að raska ekki náttúrunni og hægt



er að nota við verstu aðstæður til flutninga og viðgerða þegar þess er þörf. Þrátt fyrir eins og áður segir ábendingar um þetta margoft áður er ekki að sjá að taka eigi upp nýjar aðferðir þó vissulega sé minnst á það í matsáætluninni að greint verði frá möguleikum til að takmarka umfang slóða. Víða erlendis má sjá háspennumöstur á láglandi jafnt sem hálendi þar sem ekki er að sjá neina slóða.

Virðingarfyllt



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafadeildar

